

Nr. 524.

AUGLÝSING

1. desember 1975.

um friðlýsingu Kringilsárrana, Norður-Múlasýslu.


Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur Náttúruverndarráð ákveðið fyrir sitt leyti að friðlýsa Kringilsárrana í Norður-Múlasýslu og er svæðið **friðland**.

Mörk svæðisins eru:

Að vestan Kringilsá, að austan Jökulkvísl og Jökulsá á Brú, að sunnan frambrún Brúarjökuls.

Reglur þessar gilda um svæðið:

1. Þar er hreindýrafriðland og hreindýraveiðar bannaðar.



2. Umferð vélknúinna farartækja um svæðið er óheimil nema með leyfi Náttúruverndarráðs.
3. Allt jarðrask er þar bannað, svo og að skerða gróður eða trufla dýralíf að þarflausu.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 1. desember 1975.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.